

Fulltrúaráðsfundur Hofsstaðaskóla 14. október 2009 klukkan 20.00

Fundarmenn voru:

Aníta Björk Helgadóttir, 5. AMH, Unnur Símonardóttir 1. GG, Birna Björnsdóttir 4. LG, Þuríður A Guðnad. 2. BST, Sigrún Logadóttir 6. ÓHG, Laufey Ólafsdóttir, 4. RS, Freyja Björk Gunnarsdóttir 2. ÞÞ, Gunnar Sverrisson 7. ÓP, Dóróthea Elva Jóhannsdóttir 6. HK Hrönn Grétarsdóttir 4. RS, Anna Linda Bjarnadóttir, 2. IS, Sigríður Guðlaugsdóttir 4. LS Guðrún Árdís Össurardóttir 3. ÁS, Hildur Kristjánsdóttir 5. BV, Magnús Viðar Heimisson 1. GG, Hildur S Pétursdóttir 4. GP, Hanna Guðlaugsdóttir 1.ÁK, fundarstjóri Guðrún Finnsdóttir 1. ÁK, Guðrún Willarsdóttir 6. ÓHG, Inga Sólonsdóttir 3. RJ og Þorgeir Axelsson formaður foreldrafélags Hofsstaðaskóla.

Dagskrá:

1. Foreldrafélag og markmið þess
2. Störf og hlutverk bekkjarfulltrúa
3. Skólaráð
4. Vinahópar, bekkjarkvöld
5. Reykir,
6. Önnur mál.

1. og 2.

Eftir kynningu á foreldrafélaginu og markmiðum þess, var farið yfir störf og hlutverk bekkjarfulltrúa. Leslista var dreift á fundinum og öðrum bent á efni á vef Foreldrafélagsins um störf bekkjarfulltrúa. <http://hofsstadaskoli.is/pages/562>. Á sömu síðu er listi yfir alla bekkjarfulltrúa fyrir skólaárið.

Starfsáætlun Foreldrafélagsins fyrir skólaárið er tilbúin og er hún einnig á netinu. Næstu atburðir eru skólaljósmýndatökur fyrir 1.3.5.7 bekk sem tilkynnist á næstu dögum og hinn hefðbundni laufabrauðsbakstur sem verður 5. desember. Bréf mun fara út frá foreldrafélaginu á næstunni um framlag í sjóð foreldrafélagsins, 1.500 kr. per heimili. Ákveðið var að senda ekki gíróseðla vegna kostnaðar.

Farið var vel yfir það bekkjarstarf sem innifalið er í launakjörum kennara, þ.e. 2 bekkjarskemmtanir fyrir 1.-4. bekk, 3 fyrir 5. bekk og fjórar fyrir 6. og 7. bekk.

Vegna bekkjarsjóða kom sú ábending fram að þó að bekkjarsjóðir að undirlagi skóla eða kennara hafi verið aflagðir, sé fullt leyfi fyrir foreldra að safna fé fyrir ferðir og hvað annað sem tekist er fyrir hendur utan skólatíma. Bekkjarfulltrúar ætti því að hafa þetta í huga og nýta.

3.

Fundargerðir Skólaráðs liggja einnig á netinu, farið var lauslega yfir þá síðustu frá 29. september þar sem komu fram upplýsingar um sjálfsmat varðandi líðan í skóla, matarmál og Reykjaferð. Allir bekkjarfulltrúar

eru hvattir til að fylgjast með fundargerðum og málum skólans sem koma berlega í ljós í þeim.

<http://hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=55357>

4.

Umræða skapaðist um vindahópa, tekst sumum bekkjarfulltrúum illa að koma slíku fyrirkomulagi á, en nokkrir bentu á að vindahópar nýtast alveg sérstaklega krökkum sem koma nýir inn í bekkinn og því full ástæða til að hvetja til að setja upp lista og fyrirkomulag. Reynst hefur best að úthluta ákveðnum vikum fyrirfram og kemur þá ekki að sök muni einhverjir ekki halda, það sé þá ljóst þeim næstu á listanum hvenær þeirra tímabil hefst. Benda á upplýsingar frá Freyju á heimasíðu bekkjar hennar (sjá önnur mál).

5.

Varðandi Reyki þá var það sterkur vilji foreldra á fundinum að fundnar yrðu leiðir til að fara, enda verður mun erfiðara fyrir næstu árganga að koma ferðinni á falli hún niður í ár. Það ætti ekki að þurfa að koma til þess því skv. skoðanakönnunum foreldra í 7. bekk liggur fyrir eindreginn vilji og stuðningur við ferðina. Samþykkti fulltrúaráðsfundurinn ályktun sem send verður skólustjóra og skólaráði. Var talið að Garðabær væri að túlka reglur miklu mun stífara en önnur sveitarfélög, en ekki er ljóst af hverju það stafar. Umræða skapaðist um stjórnsýslukærur og formleg erindi til menntamálaráðuneytis, en ljóst varð að fara verður með slík mál rétta boðleið, og fyrsta skrefið væri kára til skólanefndar. Unnið hefur verið að slíku af fulltrúa foreldra í skólaráði en ekki sent enn.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun:

**"Fulltrúaráðsfundur Hofsstaðaskóla haldinn 14. október 2009 leggst eindregið gegn því að hin árlega ferð í skólabúðir Reykjaskóla sé látin niður falla enda sé ljós eindreginn stuðningur foreldra, bæði í orði og verki, að koma með beinum hætti að ferð, fjármögnun og framkvæmd. Þau fáu tæknilegu atriði sem enn á stendur eru greinilega leysanleg á farsælan hátt. Það er mjög mikilvægt að standa vörð um skólahéðir bæði innan skóla og utan, og að vissir árgangar barna á niðursveiflutímum upplifi sig ekki sem bein fórnarlömb kreppunnar. Því er skorað á skólustjóra og skólaráð að samþykkja ferðalagið og ganga frá skipulagningu með foreldrum hið fyrsta."**

6.

Í liðnum önnur mál komu fram góðar tillögur:

a) Leggja til að styðja og afla fjármagns fyrir interactive kennslutöflur sem þegar eru komnar í nokkrar skólstofur enda sé reynslan af þeim gríðarlega góð og hafi örvandi áhrif á nemendur. Fengust meðlimir í tækjanefnd til að vinna að þessu málefni.

b) Bent var á stórskemmtilegt jólaleikrit af Freyju sem bekkir geta

farið á, fylgir auglýsingin með þessari fundargerð. Freyja heldur einnig úti bekkjarsíðu til þess að halda utan um bekkjarstarfið, þar eru ágætis upplýsingar vinahópa og framkvæmd þeirra. Sjá: <http://bekkjarsida.blogspot.com/>

c) Nefndir:

Skipaðir voru eftirtaldir fulltrúar í nefndir

Tækjanefnd: Dóróthea, Sigríður Guðlaugsdóttir og Hanna Guðlaugsdóttir

Laufabrauðsnefnd: Unnur Símonardóttir, Hildur Pétursdóttir, Hanna Guðlaugsdóttir, Guðrún Finnsdóttir, Þorgeir Axelsson

Guðrún Williardsdóttir gaf einnig kost á sér í sérverkefni og er það eindrægur vilji foreldrafélagsins að upphugsa einhver slík handa henni.

Fundi slitið klukkan 21.00